

124 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóðinn Vinaminn-
6. okt. ing á Eyrarbakka, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands
6. október 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Sjúkrasjóðinn Vinaminning á Eyrarbakka.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Sjúkrasjóðurinn Vinaminning og er stofnaður með gjöfum, er koma í stað »líkkransa«, samkvæmt tillögu í blaðinu Suðurlandi IV. árg., nr. 48. Fyrstu gjafirnar gáfust sjóðnum við jarðarför Brynjúlfs sál. Jónssonar, dbrm. frá Minnanúpi, sem dó 16. maí 1914.

2. gr.

Gjaldkeri sjóðsins heldur bók, er hann innfærir í nöfn látinna manna, sem óskað er að sju rituð þar. Greiðir innritunarbeiðandi gjald fyrir innritunina, það er honum sjálfum sýnist, og fær afhent minningarspjald frá sjóðnum, er hann svo sendir í staðinn fyrir »krans«. Ennfremur tekur sjóðurinn móti gjöfum og áheitum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga, er leita heilsubótar á sjúkrahæli í Árnessýslu.

4. gr.

Sjóðurinn er í dag kr. 525,45 og skal hann ávaxtast í sparisjóði Árnessýslu eða annari peningastofnun, sem stjórn sjóðsins tekur gilda.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 1000 — eitt þúsund — krónur, má verja öllum ársvöxtum hans samkvæmt 3. gr., þó ekki fyr en sjúkrahæli er komið á fót í Árnessýslu og tekið til starfa. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og vex hann með gjöfum og áheitum samkvæmt 2. gr. Það skal á valdi stjórnar sjóðsins að láta styrkveiting niður falla ár og ár í bili, ef enginn sjúklingur álist á því ári þarfandi fátæktar vegna, og legst þá fje það, er útbýta átti, við höfuðstól.

6. gr.

124
6. okt.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, og eru hjeraðslæknirinn og sóknarpresturinn á Eyrarbakka sjálfkjörnir. Kjósa þeir þriðja mann í stjórnina, er sje gjaldkeri sjóðsins og búsettur á Eyrarbakka. Ætlast er til að menn þessir vinni kauplaust, að minsta kosti fyrst um sinn. Gjaldkeri annast bókfærslu og reikningshald sjóðsins.

Stjórnin í sameiningu sjer um geymslu á skjólum sjóðsins og birtir árlega reikning hans í Stjórnartíðindum Íslands. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Stjórnin veitir styrk úr sjóðnum samkvæmt 3. og 5. gr. Styrkbeiðnir til sjóðsins skulu ritaðar á prentuð eyðublöð, er stjórnin útbýr í því skyni og afhendir ókeypis, og skulu sóknarprestur og hreppsnefndaroddviti, er hlut eiga að máli, votta á beiðnina að rjett sje skýrt frá öllum ástæðum styrkbeiðanda.

Sjúklingar, sem eru á sveit, geta að jafnaði ekki fengið styrk úr sjóðnum

7. gr.

Ef svo stendur á, þegar byggja skal sjúkrahús í Árnassýslu, að peninga-
upphæð vanti, er sjóður þessi getur miðlað, getur stjórn sjóðsins lánað í þessu
skyni það fje, sem sjóðurinn kann að eiga, þó svo að trygging sje sett, er
stjórnin tekur gilda, og sömu vextir sjeu af láninu greiddir og sjóðurinn fær þar
sem hann annars er ávaxtaður.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Eyrarbakka, 18. maí 1916.

Gisli Skúlason.

P. Nielsen.

Gisli Pjetursson.